

Nautsauga (e. Bullseye)

Þetta verkefni bjálfar nemendur í að flokka og forgangsraða hugmyndum. Það gera þeir með því að móta og beita viðmiðum. Að auki styður þessi aðferð við grunnstöðirnar „Að læra gegnum samskipti og samræður“ og „Að læra gegnum ígrundun og mat“

Áætluð útkoma - Nemendur eiga að:

- Geta mótað viðmið fyrir hugmyndir, aðgerðir eða lausnir
- Geta skapað markvissar hugmyndir með því að nota viðmið
- Geta flokkað hugmyndir með sjálfmótuðum viðmiðum
- Geta forgangsraðað hugmyndum með sjálfmótuðum viðmiðum

Tími

Tímalengd verkefnisins ræðst af mörgum mismunandi breytum: aldri nemenda, reynslu, menningu í skólastofunni og hvernig þú útfærir verkefnið. Þú ættir að nota að lágmarki 25 mínútur í þetta verkefni.

Efni

Í kennslustofunni	Blandað nám
Stórt blað eða tafla Autt blað fyrir hvern nemanda Blað með auðu nautsauga (heima)	<ul style="list-style-type: none"> • Autt blað fyrir hvern nemanda • Búðu til MentiMeter reikning og settu upp spurningar • Útvegaðu spjaldtölver/fartölver fyrir hvern nemanda eða í pörum, fyrir skref 3 <u>Frekari upplýsingar um stafræn verkfæri</u>

Undirbúnin

- Veldu eða auðkenndu samfélagslega áskorun.
- Mótaðu spurninguna sem þú vilt nota
- Gefðu hverjum nemanda autt blað til að skrifa niður efstu 3 í lok skrefs 2.

Blandað nám:

- Útbúið MentiMeterglæru með (1) orðskýi og (2) opinni spurningu til að safna hugmyndum fyrir skref 3 og 4.
- Gakktu úr skugga um að hvert par/hópur hafi tölvu/spjaldtölву.



Skref-fyrir-skref leiðbeiningar

1 Innlögn

Kynntu aðstæður sem hafa komið upp, eða áskoranir innblásið af texta, sögu eða reynslu sem nemendur deila. Nemendur hafa t.d. upplifað að ökumenn veita þeim ekki næga athygli þegar þeir ganga eða hjóla í skólann.

Útskýrðu fyrir nemendum að þið munuð saman hugsa um hugmyndir/leiðir til að takast á við tilteknar aðstæður eða leysa áskorun. Til þess að gera það, verður þú að hugsa um það viðmið (eiginleika) sem hugmynd verður að hafa. Þetta mun hjálpa þér við að velja hugmyndir.

2 Hugsaðu um hugmyndir/lausnir

Settu fram aðalsprunguna: *Hvernig getum við (verið viss um að) ...? Hvað þarf til að...?* Til dæmis hvernig er hægt að tryggja að ökumenn taki betur eftir okkur þegar við förum gangandi eða hjólandi í skólann?

Biddu nemendur um að koma með hugmyndir að svörum við þessari spurningu. Nemendur hugsa um spurninguna sem hópur, eða vinna sjálfstætt, hver fyrir sig eða í pörum. Hópurinn ræðir svo saman hugmyndir sem komu fram. Skrifaðu hugmyndirnar á stórt blað eða töflu.

Blandað nám:

Leyfðu nemendum að draga saman hugmyndir á opinni glæru á MentiMeter. Notaðu hugsa, para, deila aðferð, þar sem nemendur hugsa fyrst hver fyrir sig um lausnir og setja á blað en koma síðan saman í pörum og setja hugmyndirnar saman á MentiMeter. Ræðið öll svör saman í beknum

3 Hugsaðu um viðmið

Endurtaktu spurninguna: *Hvernig getum við (verið viss um að) ...? Hvað þarf til að...?* Vísaðu til hugmyndalista nemenda. Segðu nemendum þínum að nú eigi þeir að hugsa um viðmið til að velja hugmynd/lausn. Viðmið hjálpa til við að velja hugmyndir/lausnir í mismunandi aðstæðum.

Hverjar eru forsendur aðgerða okkar eða hugmynda/lausna? Hvernig viljum við að þau séu, líti út, ...? Hugmyndirnar/lausnirnar verða að vera skemmtilegar, ókeypis, framkvæmanlegar í kennslustofunni, litríkar, ljóðrænar, auðveldar að útbúa, aðgengilegar fyrir ..., engin þörf á verkfærum eða fjármagni,

Safnaðu öllum viðmiðunum á töfluna, þannig að nemendur hafi yfirsýn yfir viðmiðin. Leyfðu þeim að velja einstaklingslega 3 af uppáhalds viðmiðum sínum á pappír.

Ábending!



Vinnuefni - Hugsun

Ef það er of erfitt fyrir nemendur að hugsa um viðmið, segðu þeim þá frá einhverjum af þínum viðmiðum. Til dæmis: Hugsum um hugmynd/lausn sem við getum prófað heima eða í skólanum. Er í lagi ef okkur dettur í hug hugmynd þar sem þú þarf hjálp frá fullorðnum eða viðt þú gera þetta sjálf/sjálft/sjálfur??


4 Veldu viðmið

Leyfðu nemendum að kjósa um viðmið.

Notaðu orðský í MentiMeter til að kjósa þrjú viðmið. Leyfðu öllum nemendum að velja uppáhalds 3 viðmiðin í MentiMeter. Dragðu fram þau þrjú viðmið sem koma út sem niðurstaða á töflunni.

5 Kannið hugmyndirnar/lausnirnar

Teiknaðu nautsauga með þremur hringjum.



Uppfyllir þessi hugmynd/lausn viðmið 1, 2, 3? Hversu mörg viðmið uppfyllir hún?

Teldu einu sinni, tvívar eða þrisvar sinnum. Skrifaðu hugmyndina í réttan hring.

Ef hugmynd uppfyllir ekkert viðmið, skrifaðu hana þá fyrir utan hringinn.

Ræðið: Hvar í hringjunum finnum við flestar hugmyndir/lausnir? Hvað þýðir það? Hvaða hugmyndir/lausnir uppfylla öll viðmiðin? Hvaða hugmyndir/lausnir uppfylla engin af viðmiðum okkar? Gætum við breytt þessari hugmynd/lausn til að setja hana inn í hringinn?

Finndu út í námsþættinum "Að læra gegnum samfélagslegar áskoranir" hvernig þú getur notað nautsaugað til að ákvarða hvað þarf að koma til svo að mál flokkist sem samfélagsleg áskorun.

6 Ígrundun

Útskýrðu hvernig þú flokkaðir og forgangsraðaðir hugmyndum/lausnum með því að nota viðmið sem þú settir fram sjálf/sjálft/sjálfur.

- Hvað lærdir þú af þessari hugsunaræfingu?
- Fyrir hvaða áskoranir hugsaðir þú um hugmyndir/lausnir? Hvernig fórstu að því?
- Er nautsaugað gagnlegt til að velta fyrir sér mismunandi hugmyndum/lausnum? Af hverju (ekki)? Hvað er það sem gerir æfinguna gagnlega?



- Á hvaða aðrar áskoranir en samfélagslegar myndir þú nota þessa hugsunaræfingu?

Lærðu meira um mat og ígrundun í námsþættinum „Nám gegnum ígrundun og mat”.

7**Fáðu****fjölskylduna****með!**

Biddu nemendur um að hugsa um aðstæður sem þeir upplifa heima. Bjóðdu þeim að gera sömu æfingu með fjölskyldunni. Gefðu þeim vinnublað með auðu nautsauga eða vísaðu þeim á stafrænt rými þar sem þú hefur búið til nautsauga.